

verður honum þá eigi úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnanda nú. Stefnandi hefur ekki krafizt málskostnaðar sérstaklega í þessum úrskurði. Þar eð málinu verður fram haldið við réttinn, verður ekki kveðið á um málskostnað í þessum úrskurði.

Úrskurð þennan hefur Axel V. Tulinius bæjarfógeti kveðið upp ásamt meðdómsmönnum Óskari Sigfinnssyni og Jakobi Jakobsyni.

Niðurlagsorð:

Krafa stefnda, Goðaness h/f, um frávisun málsins Pétur Jónsson gegn Goðanesi h/f frá sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 12. maí 1954.

Nr. 22/1954. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Birni Benediktssyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 1.200,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóv. 1953.

Árið 1953, mánudaginn 30. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4826/1953: Ákærvaldið gegn Birni Benediktssyni, sem dómtekið var 16. nóvember sl.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. október 1952, gegn Birni Benediktssyni, netagerðarmanni, Eskihlíð 21 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað, nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. lög nr. 105/1936, 2. gr., sbr. 27. gr., 2. mgr., 5. tl., laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936.

Telst ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa í „Netaverksmiðjunni Björn Benediktsson h/f“ 7 stúlkur í vinnu við að bæta net úr netavélum, sauma saman bálka, sauma bekkir á bálka, fella reknet og setja upp snurpunætur og enn fremur með því að láta Jens Vilhjálmsson vinna í febrúar eða marz 1952 við að fella þorskanet í verksmiðjunni.

Þess er krafizt, að ákærður verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Að lokinni framhaldsrannsókn gaf dómsmálaráðherra út framhaldsákæru gegn ákærðum, dagsetta 30. október sl. Var þar sagt, að skv. heimild í 118. gr. laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, og með tilvísun til ákæruskjals, sem út var gefið 18. október 1952 í máli þessu, þætti nauðsyn til bera að gefa út framhaldsákæru til leiðréttingar á því. Í lýsingu brotsins í fyrrgreindu ákæruskjali á eftir orðunum „sauma bekkir á bálka“ skyldi koma: „og strekkja netin að lokinni nýtingu“. Orðin „fella reknet og setja upp snurpunætur“ skyldu falla burtu. Að öðru leyti átti ákæruskjalið að vera óbreytt.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. apríl 1890 að Akurhúsum í Gerðahreppi, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 16/1 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal. og lsp. Rvíkur.

1947 14/11 Sátt, áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1948 17/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 6. marz 1952, kærði Sveinafélag netagerðarmanna það, að ákærður í máli þessu hefði í vinnu við netagerð við fyrirtæki sitt, „Björn Benediktsson h/f, netaverksmiðja“, mann að nafni Jens Vilhjálmsson og nokkrar stúlkur, án þess að fólk þetta hefði iðnréttindi samkvæmt lögum um iðju og iðnað.

Vitnið Guðmundur Bjarnason, formaður Sveinafélags netagerðarmanna, hefur skýrt svo frá atvikum, að netagerð hafi verið gerð

að iðn árið 1928. Aðalstarf netagerðarmanna hafi verið að bæta net og setja upp snurpunætur. Stúlkur þær, sem ynnu hjá ákærðum, hefðu það að aðalstarfi að stjórna netavélum, en jafnframt því fengi-ust þær við að bæta netin úr þeim, sem rifnuðu. Vitnið kvað netagerðarmenn ekkert hafa við það að athuga, þótt stúlkurnar stjórnuðu vélunum, en með því að bæta netin jafnframt færu þær inn á starfssvið netagerðarmanna. Í sambandi við starfsemi Jens Vilhjálmssonar hefur vitnið skýrt frá því, að það megi vel vera, að ýmsir netagerðarmenn kunni ekki að fella net, en það sé mjög fljót-lært. Ekki kvaðst vitnið vita til þess, að prófað væri í netafellingu á sveinsprófi í netagerð. Hins vegar væri prófað í að bæta net og sauma saman netstykki.

Ákærður í málinu, Björn Benediktsson, forstjóri framangreinds fyrirtækis, er meistari í netagerð. Hann hefur skýrt svo frá atvik-um, að hann hafi síðan árið 1950 haft nokkrar ófaglærðar stúlkur í vinnu við fyrirtæki sitt við að stjórna netavélum og bæta jafn-framt netin úr þeim. Stúlkurnar eru nú 7 að tölu. Nánar tiltekið eru störf stúlnanna fölginn í því að stjórna vélunum við hnýtingu net-anna, „taka þau upp“ og bæta um leið það, sem slitnað hefur í hnýt-ingunni, enn fremur að sauma saman netstykki, eftir því sem þörf krefur, og að undirbúa netin til „strekkingar“. Við netahnýtingu í 3 af þeim 5 vélum, sem eru í fyrirtæki ákærðs, verður að stöðva vélarnar og bæta jafnóðum það, sem slitnað hefur. Fer sú bæting fram með öðrum hætti og öðrum áhöldum en venjulega. Þyrfti að kenna stúlkunum starfann áður sérstaklega. Væru stúlkur þær, sem stjórnuðu vélunum, ekki fullkomnar sem slíkar, nema þær kynnu að bæta netin jafnframt. Ákærður kvað fagmenn ekki kunna sum störf stúlnanna. Þyrfti að kenna þeim þau sérstaklega áður. Vissi hann ekki til, að fagmenn hefðu nokkurn tíma unnið að því að „taka upp net“. Net þau, sem hnýtt eru í hinum 2 vélunum, eru ekki fullgerð, þótt stúlkurnar séu búnar að bæta þau. Þurfa þau að fara í „strekkjarvél“ á eftir.

Varðandi starfsemi Jens Vilhjálmssonar hefur ákærður skýrt frá því, að hann hefði fengið hann til að fella fyrir sig þorskanet í 23½ tíma um mánaðamótin febrúar-marz 1952, er ákærðum lá mikið á, en Jens hefur ekki iðnréttindi í netagerð. Í þessu sam-bandi tók ákærður fram, að ekki nema einstöku fagmenn í netagerð kynnu að fella þorskanet, og væri hart að þurfa að byrja á að kenna þeim starfann. Áður en ákærður réð Jens til starfans, átti hann tal við formann Nótar, félags netagerðarmanna. Benti formaðurinn honum á ýmsa netagerðarmenn, er væru atvinnulausir, en vissi ekki, hvort þeir kynnu að fella þorskanet.

Umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur var leitað um mál þetta. Í bréfi, dagsettu 10. júní 1952, komst það að þeirri niðurstöðu, að það teldi kærana gegn ákærðum á rökum reista, með því að sannað væri, að ákærður hefði notað ófaglært fólk til að vinna fagvinnu neta-

gerðarmanna, þótt hægt hefði verið á sama tíma að fá faglærða menn til vinnunnar. Bréfinu fylgdi umsögn formanns Sveinafélags netagerðarmanna. Var tekið fram í henni m. a., að störf netagerðarmanna væru: uppsetning á snurpunótum, reknetum, trollum og hvers konar nótum og netum, einnig litun og bikun á netum og nótum og viðgerðir á öllu þessu.

Skoðunargerð þeirra Auðuns Hermannssonar og Thorbergs Einarssonar netagerðarmanna, dags. 23. marz sl., á fyrirtæki ákærðs leiddi þetta í ljós:

„Samkvæmt skipun sakadómarans í Reykjavík, dags. 18. marz 1953, höfum við undirritaðir kynnt okkur starfstilhögun í netaverksmiðju Björns Benediktssonar h/f, Holtsgötu, Ánanaustum, Reykjavík.

Verksmiðjan framleiðir alls konar net, t. d. snurpunótaefni, reknetaslöngur, þorskanetaslöngur, hrognkelsanetaslöngur og loðnunet o. fl. Unnið er aðallega úr bómull og hampi.

Verksmiðjunni er skipt í þrjár deildir: véladeild, uppsetningardeild og litunardeild.

I. Í véladeild er netið hnýtt. Verkstjóri er Haraldur Gíslason. Starf hans er umsjón með vélunum, vinnu þeirri, sem framkvæmd er í deildinni, og ýmis störf varðandi framleiðslu deildarinnar. Í véladeild vinna enn fremur eftirtalдар stúlkur: Lilja Bjarnadóttir, Hrefna Karlsdóttir, Svanhvit Þorgrímsdóttir, Sigurbjörg Benediksdóttir, Berta Eiðsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir og Erla Sveinbjörnsdóttir. Starf þessara stúlkna er að stjórna hnýtingunni í vélunum, gera við þráðaslit, möskvaföll og strekkja netin að lokinni hnýtingu.

II. Í uppsetningardeild eru sett upp net og herpinætur úr neti því, sem véladeild framleiðir. Vinnan í uppsetningardeild er unnin af faglærðu fólki í netaiðn. Verkstjóri er Björn Benediktsson. Uppsetningardeild er ekki starfrækt sem stendur að öðru leyti en því, að nokkrum útgerðarmönnum hefur verið leyft að láta setja þar upp fyrir sig þorskanet úr slöngum, sem þeir kaupa af verksmiðjunni. Uppsetninguna annast Konráð Bjarnason á eigin ábyrgð.

III. Í litunardeild eru netin lituð. Starfsmaður þar er Steinn Erlandsson. Enn fremur sér hann um pökkun á vörum þeim, sem verksmiðjan sendir frá sér. Einnig vinnur hann í uppsetningardeild, þegar hún er starfrækt.“

Hvorki vitnið Guðmundur Bjarnason né ákærður hafa hreyft neinum athugasemdum við skoðunargerðinni.

Það er nægilega sannað með játningu ákærðs og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að starfsemi sú, sem ákærður hefur látið stúlkurnar og Jens Vilhjálmsson framkvæma, er í samræmi við það, er í ákæru og síðan framhaldsákæru greinir.

Pegar virt eru þau atvik í máli þessu, að störf stúlkna þeirra, er hjá ákærðum vinna, eru að mestu leyti við vélar, en handavinna

þeirra í beinu framhaldi af vélavinnunni og ekki verulegur hluti vinnunnar, og að um fjöldaframleiðslu er að ræða með mikilli verka-skiptingu við fyrirtæki ákærðs, þá þykja störf stúlkanna hafa öll einkenni iðju skv. I. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, og eigi þurfa sérnám til þeirra.

Starf það, sem ákærður fékk Jens Vilhjálmsson til að inna af hendi við að fella þorskanet, þykir liggja utan við starfssvið fagmanna, með því að fram er komið, að ýmsir fagmenn kunna það ekki, og er þess eðlis að öðru leyti, að eigi verði krafizt sérnáms samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, til þess. Ber því að sýkna ákærðan af ákærunni í máli þessu. Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðs, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 700,00.

Dómsorð:

Ákærður, Björn Benediktsson, á að vera sýkn af ákærunni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðs, Páls S. Pálssonar, kr. 700,00, greiðist úr ríkissjóði.

Laugardaginn 15. maí 1954.

Nr. 12/1951. **Rafstöð Vestmannaeyja** (Gunnar Möller)

gegn

Sigurfinni Einarssyni f. h. ólögráða sonar síns, Sigurfinns, (Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1951, krefst *aðallega* algerrar sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að bæta gagnáfrýj-